

Frekari snjóflóðavarnir undir Bjólfshlíðum á Seyðisfirði

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 29. mars 2023 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Múlaþingi um auknar snjóflóðavarnir undir Bjólfshlíðum á Seyðisfirði, Múlaþingi, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 11.13 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Múlaþings, Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Minjastofnunar Íslands.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Auknar snjóflóðavarnir undir Bjólfshlíðum á Seyðisfirði Matsskyldufyrirspurn. Múlaþing – VSÓ ráðgjöf. Mars 2023.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Heilbrigðiseftirliti Austurlands dags. 15. maí 2023,
- Minjastofnun Íslands dags. 11. maí 2023.

Ekki barst umsögn frá Múlaþingi.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 17. maí 2023.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Forsaga

Um er að ræða viðbætur við framkvæmd sem fór í gegnum mat á umhverfisáhrifum árið 2020. Hönnun varnargarðanna á sínum tíma miðaðist við að verja íbúðarhverfi en ekki atvinnusvæði hafnarinnar. Viðbúið var að áhætta undir meginsnjóflóðafarveginum í og við höfnina kæmi til með að breytast með tilkomu fyrirhugaðra varnargarða og aukinn flóðþungi færðist til norðurs yfir á mitt hafnarsvæðið.

Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í uppbyggingu á keiluröðum í hlíðinni norðan við fyrirhugaðan Öldugarð og vestan við húsbílastæði. Heildar fjöldi keila verður 7 og verða þær um 9 m að hæð og brattar á þrjá vegu. Þær verða byggðar í tveimur röðum, 3 staðsettar ofar í hlíðinni og 4 nær höfninni. Heildarefnispörf framkvæmdanna verður 17.700 m³. Efni í keilurnar mun fást innan framkvæmdasvæðis og/eða úr Skaganámu í samræmi við fyrra umhverfismat verkefnisins.

Röskuð svæði verða grædd upp með grassáningu og áburðargjöf. Áhersla verður lögð á að gróðurinn líkist núverandi gróðri á svæðinu og aðliggjandi svæðum.

Tilgangur með frekari snjóflóðavörnum er að tryggja að við fyrirhugaðar framkvæmdir við snjóflóðavarnargarða muni hætta vegna ofanflóðum á hafnarsvæðinu ekki aukast eða verða minni en er við núverandi aðstæður.



4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Múlaþings og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif á fornleifar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að ekki hafi farið fram skráning fornminja á hluta framkvæmdasvæðisins og er mat á áhrifum framkvæmdanna á fornleifar háð óvissu. Áður en framkvæmdir hefjast verður fornleifafræðingur fenginn til að fara yfir svæðið og skrá fornleifar ef þær eru til staðar. Farið verður í þær mótvægisáðgerðir sem þykja nauðsynlegar að mati Minjastofnunar.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands er fjallað um einstaka fornleifar innan framkvæmdasvæðisins og kröfur stofnunarinnar um mótvægisáðgerðir sem grípa þarf til, til verndar minjum og minjaheildum. Stofnunin bendir á að þær rannsóknir sem þarf að vinna innan svæðisins eru nú þegar hafnar í samráði við stofnunina.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að nýlega hafi rannsóknum lokið í samræmi við umsögn Minjastofnunar. Múlaþing mun sækja um leyfi til Minjastofnunar vegna framkvæmdar sbr. lög um menningarminjar.

Áhrif á vistgerðir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin komi til með að raska vistgerðum sem hafa lágt til hátt verndargildi. Vistgerðirnar eru algengar og útbreiddar hér á landi. Lögð verður áhersla á að vanda öll vinnubrögð og rask á náttúrulegum gróðri verður lágmarkað eins og kostur er. Áhrif á vistgerðir verða staðbundin og eru framkvæmdirnar ekki taldar rýra verndargildi þeirra. Framkvæmdin sé því líkleg til að hafa óveruleg áhrif á vistgerðir.

Áhrif á landslag og ásýnd

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að í dag séu í byggingu varnagarðar á svæðinu. Áhrif fyrirhugaðra keila á landslag og ásýnd munu helst koma fram norðan megin byggðarinnar og frá húsum þar í grenndinni. Um verður að ræða staðbundin óverulega neikvæð áhrif frá öðrum sjónarhornum.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki í samræmi við Aðalskipulag Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030. Framkvæmdin er ekki í samræmi við deiliskipulag ofanflóðavarnargarða á Seyðisfirði og kallar á breytingu á því.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Múlaþings samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og reglugerð um hollustuhætti m.s.br. Jafnframt þarf leyfi Minjastofnunar Íslands ef raska þarf fornleifum, skv. lögum um menningarminjar.



6 Niðurstaða

Um er að ræða breytingar eða viðbætur við ofanflóðavarnir undir Bjólfshlíðum í Seyðisfirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 11.13 og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðar með öðrum framkvæmdum, nýtingar náttúruauðlinda eða ónæði sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, vegna fornleifa eða á grundvelli alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af, sbr. 2. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða byggingu snjóflóðakeila við norðurjaðar varnargarða sem þegar hafa undirgengist mat á umhverfisáhrifum og er hafin. Tilgangur framkvæmdarinnar að efla ofanflóðavarnir í Seyðisfirði með því markmiði að tryggja öryggi byggðar og hafnarsvæðis.

Fyrirhuguð framkvæmd mun koma til með að breyta staðbundið ásýnd svæðisins norðan fyrirhugaðra varnargarða og auka umfang mannvirkja að nokkru leyti. Framkvæmdasvæðið er almennt vel gróið, en vistgerðirnar eru algengar og útbreiddar hér á landi. Að mati Skipulagsstofnunar er hér ekki um umfangsmikla framkvæmd að ræða einkum í samanburði við þær framkvæmdir við snjóflóðavarnargarða sem standa yfir. Helstu áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar felast í áhrifum á fornleifar en innan framkvæmdasvæðisins eru m.a. þrjár fornleifar í stórhættu. Minjastofnun gerði kröfu um að grafnir yrðu könnunarskurðir innan tveggja þeirra til að kanna gildi þeirra minja og er þeirri rannsókn lokið og mun framkvæmdaraðili sækja um leyfi til Minjastofnunar vegna framkvæmdarinnar. Sú þriðja hefur áður verið rannsökuð og er sú rannsókn fullnægjandi mótvægisáðgerð að mati Minjastofnunar. Þá munu verða tímabundin neikvæð áhrif vegna ónæðis á framkvæmdatíma og þá helst á þá sem búa næst framkvæmdasvæðinu en mögulegt er að lágmarka þau áhrif með takmörkunum á vinnutíma í samræmi við ákvæði reglugerðar um hávaða en eins og áður sagði standa yfir framkvæmdir við snjóflóðavarnargarða í næsta nágrenni.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 23. júní 2023.

Reykjavík, 22. maí 2023

Jón Smári Jónsson